

## Skýrsla stjórnar FOSS 2020 – 2021

47. aðalfundur FOSS var haldinn 23. september 2020 á Hótel Selfossi. Dagskrá var samkvæmt lögum félagsins. Ásbjörn Sigurðsson stýrði fundi og Puríður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður FOSS flutti úrdrátt úr skýrslu stjórnar sem birt hafði verið á heimasíðu félagsins. Formaður félagsins, Ásbjörn Sigurðsson, skýrði ársreikningana og svaraði fyrirspurnum úr þeim.

Linda Björg Perludóttir flutti skýrslu orlofsnefndar og Sigurjón Pétur Guðmundsson flutti skýrslu fræðslusjóðs og svöruðu fyrirspurnum.

Samþykkt var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald 1% af heildarlaunum.

Ásbjörn Sigurðsson kynnti tillögu kjörnefndar í stjórn og nefndir félagsins.

Eftirfarandi voru tilnefndir:

### **Stjórn FOSS**

Ágústa Guðný Sigurbjörnsdóttir, til 2ja ára

Helga Kolbeinsdóttir, til 2ja ára

Svala Ósk Sævarsdóttir, til 2ja ára

Sigurjón Pétur Guðmundsson, til 2ja ára

Árný Erla Bjarnadóttir var kosin formaður til 2ja ára

Þar sem ekki bárust fleiri tilnefningar voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir.

### **Orlofsnefnd**

Linda Björk Perludóttir

Ingibjörg Guðmundsdóttir

### **Fræðslunefnd**

Aðalbjörg K Kristinsdóttir

Hrefna María Hagbarðsdóttir

### **Skoðunarmenn reikninga**

Svanhildur Pétursdóttir til eins árs

Guðrún Hárlaugsdóttir til eins árs

Margrét Jóna Bjarnadóttir varamaður

## **Kjörnefnd**

Aðalmenn

Hafdís Sigurðardóttir

Hrafnhildur Andrésdóttir

Rósa Sif Jónsdóttir

Varamenn

Kristján Gauti Guðlaugsson

Heiða Sólveig Haraldsdóttir

Björn Eðvarð Grétarsson

Ofangreindar tilnefningar í kjörnefnd og fyrir skoðunarmenn reikninga voru samþykktar samhljóða á fundinum en í orlofsnefnd og Fræðslunefnd voru fleiri í framboði og þurfti að kjósa á fundinum.

Undir lok fundarins var dregið í árlegu happadrætti og vakti það mikla kátínu að vanda.

## **Stjórn FOSS**

Sigurjón Pétur Guðmundsson og Svala Ósk Sævarsdóttir voru endurkjörin í stjórn, Ágústa G Sigurbjörnsdóttir og Helga Kolbeinsdóttir komu nýjar inn eftir tilnefningu kjörnefndar.

Fyrir í stjórn FOSS eru Birna Kjartansdóttir varaformaður og Elva Björk Árnadóttir. Ágústa Olsen Richardsdóttir og Ásbjörn Sigurðsson formaður létu af störfum. Árný Erla Bjarnadóttir kom ný inn sem formaður Foss.

Á fyrsta fundi sínum skipti stjórnin þannig með sér verkum: Birna Kjartandóttir varaformaður, Svala Ósk Sævarsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Sigurjón Pétur Guðmundsson, Ágústa G Sigurbjörnsdóttir, Elva Dögg Árnadóttir og Helga Kolbeinsdóttir.

Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir.

## **Kjarasamningar**

Þetta ár helgast nánast alfarið af vinnu við vinnustyttingu stofnana. Þessi vinna átti að fara fram á vinnustöðunum, starfshópur ásamt stjórnanda greina vinnuna og finna möguleika á hvernig hægt er að gera. Þarna hefðum við viljað koma meira að með því að koma út á vinnustaði sem ekki var hægt sökum Covid.

Ríki og Reykjavíkurborg hafa klárað þetta ágætlega en ekki hefur gengið eins vel hjá öðrum sveitarfélögum.

Mikið af fræðslufni er inn á [www.betrivinnutimi.is](http://www.betrivinnutimi.is), mikið hefur verið fundað með stjórnendum og einnig þurfti að endurskoða og aðlaga vaktavinnukerfin/stimpillukkkurnar að breytingum.

Vinnustytting dagvinnufólks tók gildi 1. janúar 2021 og vaktavinnufólks 1. maí 2021.

Það eiga eflaust eftir að koma upp allskonar hnökrar og þá er best að varðveita þá, endurskoða og endurskipuleggja styttinguna. Margir vinnustaðir sömdu um vinnustyttingu með endurskoðunarákvæði eftir 3 mánuði.

Félagsmannasjóðurinn Katla kom nýr inn í þessum kjarasamningum. Hann var búin til, til að afstýra verkfalli. Félagsmannasjóðurinn var það sem stóð út af til að kjarasamningar næðust við sveitarfélögin en áður hafði Starfsgreinasambandið samið um samskonar sjóð fyrir sína félagsmenn.

FOSS skrifaði undir stofnanasamning við FSu á árinu.

### **Trúnaðarmannaráð**

Trúnaðarmannaráð mynda stjórn FOSS og 45 trúnaðarmenn og nokkrir tenglar af öllu félagssvæðinu.

Trúnaðarmannfundir sem haldnir voru á árinu fóru fram í gegnum Teams.

### **Vinnustaðafundir**

Aðeins hafa verið 5 vinnustaðafundir á árinu. Einnig voru nokkrir á Teams eftir óskum vinnustaða. Við hefðum viljað hafa þá fleiri en eins og allir vita þá voru flestir vinnustaðir lokaðir fyrir utan að komandi eða fólk vann heima.

Við vonumst til að þetta fari að breytast núna og sjáum við fram á að fá að hitta félagsmenn okkar því við finnum fyrir því að það brenna margar spurningar á ykkur og ekki síst varðandi vinnustyttinguna.

## Skrifstofan

Skrifstofa félagsins er til húsa að Eyravegi 27, Selfossi

Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 09:00 – 16:00 en lokað er á föstudögum. Starfsmenn á skrifstofu kappkosta að veita góða þjónustu og leysa úr erindum félagsmanna svo vel sem kostur er.

Starfsmenn á skrifstofu eru þær Árný Erla Bjarnadóttir og Rakel Þórðardóttir

Félagsmenn eru nú rúmlega 1200 og nær félagssvæðið okkar frá Hornafirði til Þorlákshafnar. Þar með talin eru öll sveitarfélög á félagssvæðinu og stofnanir þeirra ásamt Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrautaskólunum og nokkrum sjálfseignastofnunum. Viðsemjendur félagsins eru 25 en margir hafa falið samninganefnd samband ísl. sveitarfélaga(SNS) eða Samninganefndar ríkisins(SNR) samningsumboð sitt.

## Heimasíða og prentað efni

Heimasíðan er fréttamiðill til að koma á framfæri ýmsum upplýsingum til félagsmanna. Þar er að finna upplýsingar um félagið, lög og reglugerðir, kjarasamninga, orlofsmál, þar eru líka mínar síður þar sem félagsmaður fer beint inn á umsóknarsíðu um Fræðslustyrk, umsóknin þar er rafræn og þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.

Aðgangur að síðu Styrktarsjóðs BSRB er undir flípanum styrkir. Þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum. Umsóknin er rafræn og hægt er að taka mynd af kvittunum eða skanna og senda með umsókninni.

Heimasíða Styrktarsjóðs BSRB er [www.styrktarsjodur.bsrb.is](http://www.styrktarsjodur.bsrb.is)

Heimasíðan tekur yfir ýmis konar útgáfu sem áður var send til félagsmanna.

Í vaxandi mæli nota félagsmenn tölvupóst til að fá upplýsingar frá félaginu og er það góð og gagnleg leið til samskipta.

Tölvupóstfangið er: [foss@foss.bsrb.is](mailto:foss@foss.bsrb.is)

Við hvetjum félagsmenn einnig að tala inn á símsvaran þegar við náum ekki að svara því þá getum við hringt til baka.

Þá er að nefna facebook síðu FOSS. Er hún einkunn notuð fyrir fréttatilkynningar en einnig er möguleiki fyrir félagsmenn að koma með ábendingar og skoðanaskipti í gegnum síðuna. Slóðin er: <http://facebook.com/fossst> Við óskum eftir að þið sendið okkur fyrirspurnir í tölvupósti í staðinn fyrir í einkaskilaboð á fb því þær fara frekar framhjá okkur þar.

Orlofsbæklingur og Spánarblað eru gefnir út ásamt kjarasamningum.

### **Fræðslunefnd FOSS**

Fulltrúar í Fræðslusjóði FOSS eru kosnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er kosinn af stjórn félagsins og gegnir hann jafnframt formennsku.

Í stjórn Fræðslusjóðs á sl. ári voru Sigurjón Pétur Guðmundsson, kosin af stjórn félagsins, Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir starfsmaður Fsu og Hrefna María Hagbarðsdóttir launafulltrúi Árborgar kosin á aðalfundi félagsins. Starfsmaður FOSS starfar með nefndinni

Fulltrúar sjóðsins sjá um úthlutun úr sjóðnum og framkvæmd úthlutunarreglna. Vísindasjóður háskólamanna er vistaður hjá Fræðslusjóði. Endurmenntun stjórnar og trúnaðarmanna FOSS heyrir einnig undir sjóðinn.

Á síðast liðnu starfsári voru haldnir 3 fundir en ekki eru haldnir fundir í júlí og ágúst.

Reglur sjóðsins eru sífellt í endurskoðun og er von á endurskoðuðum reglum á næsta ári.

Viljum ítreka að styrkurinn fellur niður ef hans er ekki vitjað innan sex mánaða. Og að frumrit reiknings þarf að fylgja með umsókninni.

Fulltrúi Fræðslusjóðs segir nánar frá störfum sjóðsins á aðalfundi.

### **Mannauðssjóður Samflots**

Um er að ræða starfsmenntunarsjóð sem starfar á grundvelli kjarasamninga. Sjóðurinn veitir styrki til símenntunar og mannauðs og geta sveitarfélög, stofnanir og launagreiðendur sem greiða í sjóðinn sótt um styrk til sjóðsins.

Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu sjóðsins

<http://mannaudssjodur.samflot.is>

Samsvarandi sjóður fyrir ríkisstarfsmenn er Próunar og símenntunarsjóður.

### **Orlofsnefnd FOSS**

Í orlofsnefnd FOSS sitja Linda Björg Perludóttir, Ásta Kristjana Jensdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir, auk þess situr starfsmaður FOSS fundi. Fundir eru haldnir að jafnaði tvisvar á ári, oftar ef þurfa þykir.

Allir félagsmenn hafa aðgang að orlofsvefnum okkar, aðgangur myndast eftir þrjár iðgjaldgreiðslur. Heimasíðan er [www.foss.bsrb.is](http://www.foss.bsrb.is). Þar geta félagsmenn skoðað, bókað og greitt fyrir allt sem í boði er nema gjafamiða frá Heimsferðum og Vita ferðum og svo Útilegukortið og Veiðikortið einnig getur félagsmaður millifært greiðslu og við sendum heim skv pöntun.

Orlofsblaðið kom út eins og venjulega í vor og var sent til allra félagsmanna.

Ekkert Spánarblað var gefið út í ár þar íbúðin var ekki í útleigu.

Punktastýrð úthlutun er eingöngu um páska og í Spánaríbúðinni, en yfir hásumartímenn er punktastýrð opnun á kerfinu. Annars er það fyrstur kemur fyrstur fær.

Þegar opnað er fyrir ný tímabil er það auglýst á heimasíðunni og á facebook síðu FOSS, fossst, sem við hvetjum alla sem eru á facebook að læka við.

Fulltrúi orlofsnefndar mun flytja skýrslu nefndarinnar á aðalfundi.

## **BSRB**

BSRB eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi, eru aðildarfélög 25 talsins og fjöldi félagsmanna tæplega 22.000.

Á heimasíður BSRB [www.bsrb.is](http://www.bsrb.is) er að finna allar upplýsingar um bandalagið og aðildarfélög þess. Auk þess eru þar sérstakur réttindavefur, laga- og reglugerðavefur.

Vert er að benda á upplýsingasíðu spurt og svarað um Covid og rétt okkar varðandi sóttkví ofl.

Réttindamál eru veigamikill þáttur í starfi BSRB enda eru á skrifstofu bandalagsins sérfræðingar á flestum sviðum vinnuréttar og kjaramála sem félögin geta að leitað til þegar upp koma erfið mál.

FOSS á fulltrúa í öllum fastanefndum BSRB.

## **Bæjarstarfsmannafélögin.**

Enginn landsfundur stéttarféлага var haldinn þetta árið.

FOSS er í samstarfi við fimm bæjarstarfsmannafélög um kjarasamning og fleiri mál. Félögin eru Starfsmannafél. Suðurnesja, Starfsmannafél. Hafnarfjarðar, Starfsmannafél. Garðabæjar, Starfsmannafél. Kópavogs og Starfsmannafél. Mosfellsbæjar, þessi félög hafa verið í samstarfi undanfarin ár.

Foss hefur einnig verið í samstarfi við nokkur af þessum félögum í gegnum Samflot bæjarstarfsmannaféлага.

## **Norrænt samstarf**

FOSS í samstarfi við flest félög bæjarstarfsmannafélög innan BSRB eru í norrænu samstarfi í samtökum sem kallast NTR Nordiske Tjenestemanns Råd.

Samtökin halda ráðstefnur á 2ja ára fresti þar sem koma saman fulltrúar frá öllum bæjarstarfsmannafélögum á norðurlöndunum að Finnlandi undanskildu. Þess á milli starfar 5 manna framkvæmdanefnd.

Ráðstefnan sem átti að vera sumarið 2020 féll niður vegna Covid.

## **Styrktarsjóður BSRB**

FOSS er aðili að Styrktarsjóði BSRB. Hann var stofnaður í kjarasamningum og hóf starfsemi sína 1. janúar 2001.

Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins er að finna á heimasíðu hans

[www.styrktarsjodur.bsrb.is](http://www.styrktarsjodur.bsrb.is)

## **Virk starfsendurhæfingarsjóður**

Virk starfsendurhæfingarsjóður er stofnaður með aðild alls vinnumarkaðarins. Hlutverk Virk starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með því að auka virkni, endurhæfingu og önnur úrræði.

FOSS er aðili að starfsendurhæfingarsjóðnum Virk sem starfar á Suðurlandi. Unnið hefur verið gríðarlega gott starf á þess vegum til hjálpar þeim sem hafa verið lengi út af vinnumarkaðnum vegna örorku eða atvinnuleysis.

## Lífeyrissjóðir BRÚ og LSR

Allir félagsmenn FOSS sem fá greidd laun frá launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo og þeir félagsmenn sem hófu störf hjá sveitarfélagi eða stofnunum fyrir 1997 og völdu að vera þar áfram.

BRÚ(Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga) er kjarasamningsbundinn og er fyrir alla starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra sem hefja störf eftir gildistöku laga nr. 129/1997. Sjóðurinn er þriggja deilda sjóður. A deild, sem er sambærileg við A deild LSR, V deild sem gefur kost á valmöguleikum á viðbótariðgjaldið og S deild sem ætluð er fyrir séreign.

Forystumenn bæjarstarfsmanna sömdu um stofnun BRÚ (LSS) við Launanefnd sveitarfélaga. Sjóðurinn er því kjarasamningsbundinn og verður honum ekki breytt nema með samningum. Það er hluti af kjarasamningsbundnum kjörum að greiða í þá Lífeyrissjóði sem FOSS hefur samið um.

Allar nánari upplýsingar um sjóðina er að finna á heimasíðum [www.lifbru.is](http://www.lifbru.is) og [www.lsr.is](http://www.lsr.is)

Það er á ábyrgð sjóðsfélaga að velja sér leiðir, þær eru ekki eins fyrir alla, fer eftir fjölskyldumynstri, aldri o.s.frv. Það er nauðsynlegt að vekja stöðugt athygli félagsmanna á þeim möguleikum sem í boði eru. Félagsmenn verða að vera vakandi um Lífeyrissjóðsmál sín ekki síður en önnur réttindi, það getur skipt sköpum þegar að töku lífeyris kemur.

## Reikningar FOSS

Rekstur FOSS er með ágætum. Ávöxtun sjóða félagsins er í höndum starfsmanna og endurskoðanda félagsins.

## Að lokum

Í skýrslu þessari hefur verið dregið saman það helsta úr starfi félagsins á síðastliðnu starfsári. Á heimasíðu FOSS er einnig að finna upplýsingar um mörg þau atriði sem upp eru talin ásamt öðru efni sem ekki var hægt að koma fyrir í stuttri skýrslu.

Ég vil þakka meðstjórnendum, nefndarmönnum og starfsmönnum fyrir störf í þágu félagsins. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur öllum, félagsmenn góðir, ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári, þið eigið heiður skilið fyrir að halda haus á þessu sérstaka ári Covid með öllu því sem fylgdi og takast á við vinnustyttingarvinnu á sama tíma.



Við erum öll búin að ganga í gegnum skrátið vinnuár, við skynjum mikið álag hjá ykkur og hafið þið þurft að sýna mikin sveigjanleika í takt við sóttvarnareglur hverju sinni en það sem stendur upp úr er þessi gífurlega samstaða, allir með sama markmið, komast í gegnum þetta og horfa fram á bjartari tíma.

Selfossi maí 2021

fh. stjórnar FOSS

Árný Erla Bjarnadóttir